



Reglur Grunnskólans Hellu um snjalltæki í einkaeigu

Reglur

Heillavænlegast er að nemandi skilji snjalltækið sitt eftir heima.

- Öll notkun snjalltækja þar með talið snjallsími, snjallúr og spjaldtölva í einkaeigu nemenda er óheimil í öllu skólahúsnæðinu (skóla og íþróttahúsi)
- Ef forráðamenn kjósa að senda barnið með síma í skólann skal vera slökkt á símanum og hann í skólatösku barnsins þar til skóla lýkur samkvæmt stundatöflu og nemandi hefur yfirgefið skólahúsnæðið.
- Litið er svo á að snjalltæki í einkaeigu séu fyrst og fremst öryggistæki sem notist eftir skóla.
- Ef forráðamenn þurfa að ná tali af barni sínu á meðan á skólatíma stendur er þeim bent á að hafa samband við ritara skólans sem kemur skilaboðum áleiðis.

Viðurlög

Ef nemandi kýs að fylgja ekki reglum skólans um snjalltæki hefur hann val um:

a) Afhenda starfsmanni tækið. Starfsmaður hefur samband við forráðamann sem getur nálgast tækið á skrifstofu skólans.

b) Afhendi nemandi ekki tækið skal hann bíða hjá stjórnanda þar til forráðamaður kemur í skólann til að ljúka afgreiðslu málsins. Nemandi fær skráða fjarvist í þá tíma sem hann missir af vegna þessa.

Við endurtekin brot verður forráðamaður boðaður á fund stjórnenda og gerð áætlun um næstu skref.